



Skattrannsóknarstjóri ríkisins  
Bryndís Kristjánsdóttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík  
sími: 545 9200 postur@fjr.is  
fjr.is

Reykjavík 6. júlí 2018  
Tilv.: FJR17090043/6.8

Efni: Fjárveitingabréf fyrir árið 2018

Meðfylgjandi er fjárveitingabréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til embættis Skattrannsóknarstjóra ríkisins fyrir árið 2018.

Bréfinu er ætlað að veita yfirsýn og tengingar milli

- stefnu skv. fjármálaáætlun,
- fjárveitinga skv. fjárlögum 2018,
- framkvæmdar, sbr. stefnu Skattrannsóknarstjóra ríkisins til þriggja ára.

  
Aldís Stef. St.  
Aldís Stefánsdóttir

Fyrir hönd ráðherra

  
Ingibjörg Helga Helgadóttir

## Málaflokkur 5.1 – Skattrannsóknarstjóri ríkisins

### Um fjárveitingabréfið

Með tilkomu laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferlið í heild sinni. Fjárveitingabréfið er liður í því og er nú sent ríkisaðilum á málefnasviðum fjármála- og efnahagsráðuneytis í fyrsta sinn. Viðbúið er að framsetning og efni bréfsins taki einhverjum breytingum er fram líða stundir.

**Stefnumið** stjórnvalda koma fram í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023, fyrir öll málefnasvið og málaflokka, í samræmi við lög um opinber fjármál. Á grundvelli fjármálaáætlunar vinna ríkisaðilar stefnumiðaða áætlun til þriggja ára, sem uppfærð er árlega. Í bréfi þessu er miðað við fyrri fjármálaáætlun, fyrir árin 2018–2022, enda var hún í gildi þegar ríkisaðilar unnu áætlun til þriggja ára.

Með bréfi þessu er **formlega** upplýst um fjárveitingar til ríkisaðila á grundvelli laga um opinber fjármál. Jafnframt er greint frá markmiðum, mælikvörðum og aðgerðum sem ríkisaðili skal hafa að leiðarljósi í starfsemi á árinu og hverju ríkisaðili skal gera skil á í ársskýrslu sinni.

Fjárveitingabréfinu<sup>1</sup> er ætlað að veita **yfirsýn** yfir **tengingar** milli:

- stefnu málefnasviðs/málaflokks í fjármálaáætlun,
- fjárveitinga til ríkisaðila, sbr. fjárlög fyrir árið 2018, og
- framkvæmdar, sbr. stefnu ríkisaðila í A-hluta, 2018–2020.

**Efnistöð** fjárveitingabréfs eru eftirfarandi:

1. Markmið og áherslur málefnasviðs/málaflokks samkvæmt fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.
2. Stefna ríkisaðila til þriggja ára og ársáætlun.
3. Áhersluverkefni sem ríkisaðili skal vinna að árið 2018.
4. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2018.
5. Almennar áherslur í ríkisrekstri.
6. Framkvæmd laga um opinber fjármál.
7. Samskipti ráðuneytis og ríkisaðila.

### 1. Markmið og áherslur málefnasviðs og málaflokks

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 falla málefni **Skattrannsóknarstjóra ríkisins** undir málefnasvið 5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla og **málaflokk 5.1 Skatta og innheimtu**. Í fjármálaáætlun eru framtíðarsýn og meginmarkmið sett fram á málefnasviðinu, en mælikvarðar og aðgerðir sem vinna skal að á tímabili áætlunarinnar koma fram undir málaflokknum.

**Framtíðarsýn** málefnasviðsins er ábyrg umsýsla fjármuna og eigna ríkisins sem styður við skilvirka og góða þjónustu og bætt lífskjör á Íslandi.

**Meginmarkmið** málefnasviðsins er að skatta-, fjármála- og eignaumsýsla ríkisins sé samræmd, gagnsæ, skilvirk og hagkvæm.

<sup>1</sup> Í ljósi þeirrar yfirsýnar sem fjárveitingabréf veita yfir starfsemi ríkisaðila á árinu mun ráðuneytið birta fjárveitingabréf til allra sinna stofnana á vef Stjórnarráðsins.

Auk markmiða og áherslna á þessu málefnasviði er umfjöllun um pólitískar áherslur ráðherra í skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu að finna í greinargerð með fjármálaáætlun, einkum inngangi og kafla um áherslur og stefnuviðmið.

**Markmið málaflokks 5.1** miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar.

Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
- Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

## 2. Stefna ríkisaðila til þriggja ára og ársáætlun

Stefna Skattrannsóknarstjóra ríkisins til þriggja ára 2018–2020 er **samþykkt**, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, en hana er að finna í fylgiskjali við þetta fjárveitingabréf. Stefan, þ.e. markmið, mælikvarðar og aðgerðir, er að mati ráðuneytisins **í samræmi við gildandi stefnu í fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023**, þ.e. á málefnasviðinu og í málaflokknum. Jafnframt rúmast framkvæmd stefnunnar að mati ráðuneytisins innan fjárveitinga ársins 2018, að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs.

## 3. Áhersluverkefni sem ríkisaðili skal vinna að árið 2018

Í þriggja ára áætlun Skattrannsóknarstjóra ríkisins kemur fram að markmið stofnunarinnar til næstu ára snúa að rannsókn skattalagabrota og hins vegar refsimeðferð vegna ætlaðra brota. Í áætluninni kemur fram að embættið leitast við að tryggja innheimtukröfur ríkissjóðs með kyrrsetningu eigna. Markmiðin eru:

- Auka skilvirkni og árangur við rannsóknir skattalagabrota.
- Auka skilvirkni og árangur vegna refsimeðferðar mála.
- Auka árangur við að tryggja innheimtu skatt- og sektarkrafna ríkissjóðs.

Verkefni sem Skattrannsóknarstjóri mun vinna að á árunum 2018-2020, skv. áætluninni, styðja að mati ráðuneytisins við ofangreind markmið.

## 4. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2018

Eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum fyrir árið 2018 er fjárveiting til Skattrannsóknarstjóra ríkisins 387 m.kr. Skiptingin er eftirfarandi:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Fjármagns- tilfærslur	Heildar- gjöld	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	387				387		387
	387				387		387

Tegundaskipting er eftirfarandi:

Fjárveiting 2018, m.kr.	Laun	Önnur gjöld	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld	Tekjur	Greiðsla
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	337,1	46,4	3,0		386,5		386,5
	<b>337,1</b>	<b>46,4</b>	<b>3,0</b>		<b>386,5</b>		<b>386,5</b>

Helstu breytingar á fjárlögum fyrir árið 2018 eru eftirfarandi:

Samantekt	Fjárhæð	Tilefni
Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2017 vegna kjarasamninga 2015 -2017 m.v. áhrif á ársgrundvelli.	4	Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Launa-, gengis-, og verðlagsreikningur á fjárl.frv. 2018	6,3	Launa- og verðlagsbætur fjmrn.
Tímabundið framlag til skatteftirlits og skattrannsóknna fellur niður.	-12,5	Niðurfellt

Ársáætlun skal vera innan ramma fjárveitinga rekstrarársins að teknu tilliti til höfuðstóls fyrra árs, samkvæmt 32. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Ráðuneytið minnir á að launabætur reiknast sbr. tegundaskiptingu hér að framan, en ekki fjárhæð launaliðar ársáætlunar. Mikilvægt er að tryggja að tegundaskipting í fjárlögum sé í samræmi við ársáætlun og rauntölur. Ef um teljandi frávík er að ræða er óskað eftir að stofnun veki athygli á því og sendi ráðuneytinu tillögur að breytingum. Miðað er við fyrirbyggjandi drög að ársreikningi stofnunarinnar þegar þetta bréf er ritað. Stofnun verður upplýst um hvaða fjárhæð verður flutt frá fyrra ári þegar endanlegar tölur ríkisreiknings vegna ársins 2017 liggja fyrir.

Að teknu tilliti til framangreinds hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið samþykkt ársáætlun Skattrannsóknarstjóri ríkisins fyrir rekstrarárið 2018.

## 5. Almennar áherslur í ríkisrekstri:

### a. Betri og skilvirkari opinber þjónusta

- ✓ bæta markvisst stafræn samskipti sem meginsamskiptaleið ríkisins við fyrirtæki og almenning,
- ✓ nýta stafrænt pósthólf á Ísland.is þar sem opinberir aðilar sameinast um að birta skjöl í sameiginlegu pósthólfi, sem annars hefði þurft að senda í bréfaþósti,
- ✓ huga stöðugt að nýjum leiðum og nýsköpun, þ.e. breytingum á skipulagi, hönnun þjónustu, vöru eða samskiptaleiðum, til að bæta gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu.

### b. Aukinn samrekstur og nýting sameiginlegra innviða

- ✓ auka samstarf og samrekstur á sviði fjármála-, mannauðsmála og stoðþjónustu m.a. með sameiginlegum innkaupum ríkisstofnana á tiltekinni vöru og þjónustu, þátttöku í Straumnum (e. X-Road) og mótun tækniarkitektúrs ríkisins,
- ✓ auka samrekstur stofnana á sviði fjármálaumsýslu og upplýsingatækni m.a. með samnýtingu vélarala og sameiginlegum innkaupum á hugbúnaðarleyfum.

**d. Græn skref í ríkisrekstri**

- ✓ efla vistvænan rekstur ríkisins með því að innleiða *græn skref* í starfsemi ríkisaðila eða taka viðbótarskref á árinu 2018.

**6. Framkvæmd laga um opinber fjármál**

Ársáætlun skal sýna ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með fjárlögum og áætluð útgjöld og tekjur innan ársins. Við áætlanagerð vegna ársins 2019 skal notað nýtt áætlanagerfi ríkisaðila.

Bókhald ríkisaðila er fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma.

Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið.

Ef veruleg frávik verða frá ársáætlun innan rekstrarársins hvílir sú skylda á forstöðumanni að tilkynna ráðuneytinu án tafar ástæður þeirra frávik og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim.

**7. Samskipti ráðuneytis og ríkisaðila**

Ráðuneytið leggur áherslu á uppbyggileg og góð samskipti við framkvæmd laga um opinber fjármál. Innleiðing og framkvæmd laganna er ferli stöðugra umbóta.

Þróa þarf mælikvarða í þjónustu og leggja til grundvallar við mat á árangri starfseminnar. Vísast þar m.a. til árangursmats sem miðar að auknu virði fyrir samfélagið, einkum er varðar afurðir og áhrif, sbr. 3. markmið í málaflokki 5.4 Stjórnsýslu ríkisfjármála í fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023. Mikilvægt er að tölfræði sé áreiðanleg og aðgengileg.

Stefnt er að því að ráðuneytið og ríkisaðili eigi formlegan fund eftir framlagningu fjárlaga-frumvarps fyrir árið 2019 um drög að þriggja ára áætlun ríkisaðila 2019–2021, markmið og árangur til lengri tíma.

Aðrir fundir verða ákveðnir eftir þörfum.

Sverrir Jónsson  
skrifstofustjóri

Maríanna Jónasdóttir  
skrifstofustjóri